

SÚÐAVÍKURHREPPUR

5. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR - MENNINGAR OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILID 2022-2026

HALDINN Í ÁLFTAVERI - GRUNDARSTRÆTI, MÁNUDAGINN 30. JANÚAR 2023 KL. 16:30

Fimmtudaginn þann 30. janúar 2023 kl. 16:30 var haldinn fundur í fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurhrepps.

Mætt til fundar: Selma Guðmundsdóttir, Thorsteinn Haukur Thorsteinsson, Halldóra Pétursdóttir, Oddný Elínborg Bergsdóttir og Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri.

Stella Guðmundsdóttir var í fjarfundi.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri sat einnig fundinn.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundar.

Fundargerð ritaði Bragi Þór Thoroddsen.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

- Skólafestna Súðavíkurhrepps 2023-2026
- Umsóknir um starf leikskólaliða hjá Súðavíkurskóla
- Staða umbótaáætlunar Súðavíkurskóla
- Skólaárið 2023-2024
- Önnur mál

Afgreiðsla erinda:

1. Skólafestna Súðavíkurhrepps 2023-2026.

Drög að skólafestnu yfirfarin og ákveðið að leggja stefnuna fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

2. Umsóknir um starf leikskólaliða hjá Súðavíkurskóla.

Þrjár umsóknir liggja fyrir og er fræðslunefnd einhuga um ráðningu. Einn umsækjenda verður ráðinn til reynslu í febrúar og mars með möguleika á áframhaldandi starfi.

3. Staða umbótaáætlunar Súðavíkurskóla.

Fyrirspurn frá MMS (Menntamálastofnun) um stöðu áætlunar hefur verið svarað og umbótaáætlun hefur verið afgreidd með þeim athugasemdum sem borist höfðu.

Flest í umbótaáætlun hefur þegar verið afgreitt og er skólastefna í raun lokaplaggið til þess að ljúka umbótastarfi Súðavíkurskóla.

4. Skólaárið 2023-2024.

Skólastjóri kynnir útlit fyrir næsta starfsár skólans.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 17:40

J. J. Thorsen

Dórný Ó. Bergsdóttir

Þaðbjörg Pétursdóttir

Anna Múcl Þegnarsdóttir

Stella Guðmundsdóttir

Selma Guðmunds.

Borgi Jón Þorvaldsson